

Dagsetning 8. mars 2006

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2006-2009, 391. mál.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun tók ríkan þátt í undirbúningi að ofangreindri þingsályktunartillögu og eru nokkrar af aðgerðum sem henni fylgja komnar frá stofnuninni svo og greinargerð sem henni fylgir.

Bygðastofnun er samkvæmt þingsályktunartillögunni falin ábyrgð á framkvæmd 7 aðgerða áætlunarinnar og að auki þátttaka í 3 aðgerðum. Þetta mun leiða til verulega aukinnar vinnu innan stofnunarinnar við framkvæmd byggðaaðgerða.

Bygðastofnun telur að við framkvæmd aðgerðar um styrkingu atvinnuþróunar þurfi að hafa í huga 9. grein laga 106/1999 um Bygðastofnun, en þar segir eftirfarandi “Bygðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa, m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna. Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.”

Í 8. grein reglugerðar um Bygðastofnun segir enn fremur: “Bygðastofnun vinnur að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni og aðlögun þess að breyttum aðstæðum, m.a. með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs og aukinni notkun upplýsingatækni í starfsemi fyrirtækja. Bygðastofnun gerir samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Þá skal stofnunin vinna að því að efla samstarf og samhæfingu í atvinnuþróunarstarfsemi. Bygðastofnun veitir atvinnuþróunarfélögum faglega aðstoð við atvinnuþróun og nýsköpun, miðlar upplýsingum, aðstoðar við endurmenntun, samræmingu á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og eflingu samstarfs þeirra á milli. Hún myndar tengsl við stofnanir sem vinna að atvinnu- og byggðaþróun, skipuleggur samstarfsverkefni og aðstoðar við leit að samstarfsaðilum varðandi sérhæfð mál.”

Í athugasemdum með þingsályktunartillögunni segir eftirfarandi: “Til þess að tryggja árangur af byggðaaætluninni sem best skipar iðnaðarráðherra sérstaka verkefnisstjórn sem verður falin


umsjón með framvindu áætlunarinnar. Verkefnisstjórnin verður m.a. skipuð fulltrúum þeirra ráðuneyta og stofnana sem er falin ábyrgð á aðgerðum áætlunarinnar. Byggðastofnun mun halda utan um störf verkefnisstjórnarinnar og vinna að setningu mælikvarða til að leggja mat á árangur byggðaaætlunarinnar.”

Byggðastofnun telur að verulega aukin þátttaka stofnunarinnar í framkvæmd og eftirfylgni áætlunarinnar eigi að leiða til skilvirkari og samræmdari framkvæmdar aðgerða.

Byggðastofnun hefur áður bent á að æskilegt væri að byggðaaætlun næði til lengri tíma t.d. 12 ára og væri endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Stofnunin telur afar mikilvægt að nú er henni falið að vinna að setningu mælikvarða um árangur. Stofnunin telur einnig æskilegt að áætlunin taki til landsins alls, enda ljóst að ýmsar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu hafa umtalsverð áhrif á landsbyggðinni. Þar má meðal annars nefna samgönguframkvæmdir.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um umhverfismat áætlana. Rétt er að benda á að skv. því er gert ráð fyrir því að eftirleiðis þurfi að meta umhverfisáhrif tillögu til byggðaaætlunar. Þetta mun óhjákvæmilega hafa áhrif á vinnulag við gerð byggðaaætlana framtíðarinnar.

Virðingarfyllt



---

Aðalsteinn Þorsteinsson  
Forstjóri Byggðastofnunar